

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Ráðgjafanefnd um Friðland að Fjallabaki		Síða
Dags. fundar 25.11.2020	Tími 13:00-14:30	Staður Umhverfisstofnun Hellu	Nr. fundar 2
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Þórdís Björt Sigþórsdóttir		Málsnr. UST202002-418
Fundarmenn: Frá Umhverfisstofnun: Hákon Ásgeirsson og Þórdís Björt Sigþórsdóttir. Frá Ferðafélagi Íslands Ólafur Örn Haraldsson. Frá Sveitarfélaginu Rangárþing ytra: Sigurgeir Guðmundsson, Magnús Jóhannsson og Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir			
Fjarverandi: Afrít sent Öllu nefndarfólki.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	<p>Yfirferð drög að stjórnunar- og verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki Fulltrúi Umhverfisstofnunar (UST) fór yfir:</p> <p>Það sem hefur gerst eftir að auglýsingatíma áætlunarinnar lauk:</p> <p>Auglýsingatíminn rann út í maí en var framlengdur til 15. júní. Umhverfisstofnun bárust 118 ábendingar og athugasemdir en það vildi svo til að stór hluti ábendinganna voru nánast eins, en þær komu frá LÍV og F4x4, fulltrúum þeirra aðila (LÍV, F4x4 og FETAR) var því boðið á sérstakan fund. Stóru málin á þeim fundi voru svæðaskiptingar, það að svæði 1 væri of stórt, þar sem lagt var uppi með akstursbann til verndar hverasvæðanna. UST fékk í hendurnar mun nákvæmari gögn frá ÍSOR með staðsetningu hverasvæða og áhrifasvæða þeirra innan friðlandsins. UST í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands nýtti þessi gögn til að vinna að nákvæmari afmörkunhverasvæðanna. Niðurstaðan var umtalsverð breyting á svæðaskiptingunni.</p> <p>Einstaka athugasemdir bárust varðandi gönguleiðir, leiðir sem eru ekki stikaðar. Umhverfisstofnun átti fund með þeim aðilum sem hafa verið að vinna með gönguleiðir á svæðinu, Útivist, Ferðafélag Íslands og Hellismenn. Á fundinum var farið yfir athugasemdir, ekki miklar breytingar gerðar á gönguleiðum.</p> <p>Staðan á vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun: Umhverfisstofnun er búin að setja breytingar í áætlunina miðað við þær athugasemdir sem bárust og þær sem stofnunin gat brugðist beint við með breytingum.</p>	Allir
2	<p>Helstu athugasemdir og ábendingar frá fulltrúum ráðgjafanefndar:</p> <p>Umræður varðandi hvort stika eigi fleiri gönguleiðir. UST leggur til að þær leiðir sem eru merktar séu leiðir sem eru þekktar, vitað er um ástand þeirra og viðkvæmni svæðis sem þær liggja um. Að nýjar leiðir séu ekki settar á kort nem þær séu þekktar og vita að eru öruggar og valdi ekki ágangi á viðkvæmri náttúru.</p> <p>Umræða um orðið „sjálfbærni“ í leiðarljósum. Fulltrúi sveitarfélagsins benti á að ef til vill ekki nógu skýrt að nota það í þessu samhengi, sumir í nefndinni sátтары með hvernig textinn var áður.</p>	

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<p>Umræða um orðalagið „skipulagsskyldu sveitarfélaga“ eða „skipulagsvald“.</p> <p>Nefndarmenn sammála um að það þyrfi að fara einhver umræða um þetta svo allir séu með sama skilning á þessu hugtaki. UST benti á að þetta hugtak er tekið úr skipulagslögum. Orðið skipulagsvald kemur hvergi þar fram. Skoðað verður að skýra þetta orð betur eða nota annað..</p> <p>Umræða um undir hvaða aðila nefndin fellur, ráðgjafanefndin fellur undir „aðrir hagsmunaaðilar“.</p> <p>Bent var á að verkefnið Grólinn væri á byrjunarreit og um Landmannafrétt ófullnægjandi og sýna ekki rétta mynd af ástandi svæðisins. Verkefnið gefur því ekki rétta mynd og upprekstraraðilar því ósáttir við að fjallað sé um þetta verkefni í þessari áætlun. UST mun leggja til að taka þetta út þar til upplýsingarnar verða réttar og þá hægt að nýta þetta verkfæri þegar þar að kemur.</p> <p>Landgræðsla. Umræða um kaflann um landgræðslu – lítill hluti af landgræðslugirðingu er inna friðlandsins svo ef til vill óþarfi að nefna það þarna. Umræða um að hafa inngang. Magnús mun senda tillögu að kafla og orða á nákvæmari hátt hvað varða Skógræktina og Hekluskóga. Í kjölfarið munu Magnús, Berglind og Hákon skoða betur. Bæta í 3. Kafla.</p> <p>Umræða um orðalagið „þjóðvegir“ innan friðlands. UST benti á að þetta er fegnið beint frá Vegagerðinni.</p> <p>Reiðleiðir: Reiðleið sem hefur gleymst og þarf að bæta inn á kortið. Aðalleiðin ef stoppað er undir Krókagil, rétt hjá Lambafitjahrauninu, inn með Sauðleysum. (rétt hjá friðlandsmörkum og svo áleiðis í hestagerðið sem er staðsett rétt fyrir utan friðlandið).</p> <p>Umræða um smölunina, hvernig eru reglur varðandi það. Um það er fjallað sérstaklega í auglýsingu um friðlandið og því ekki þörf á að fjalla um það í áætluninni.</p> <p>Kafla 3 Skotveiðar: Laga orðalag í kaflanum. Eins aðgerðir um skotveiðar, þar er talað um fiskveiðar.</p> <p>Kafla 3.6.3 – Rætt var orðalagið: „Stuðla skal að sjálfbærri sauðfjárbætti í friðlandinu“ rætt var um hvað er sjálfbær sauðfjárbætti? Bent var á að í í vinnslu er reglugerð um sjálfbærni, ekki sátt um það og sauðfjárbætti ekki sáttir ef þetta orð er sett í kaflann um sauðfjárbætti. Eins bent á að gott væri að orða setninguna á eftir í sama kafla betur, útskýra betur.</p> <p>Kafla 3.7.8. – Umræða um aðflutt hey - UST mun taka þetta út.</p> <p>Kafla 3.8. – Skoða orðalag um stefnu Umhverfisstofnunar og setja þar meira kjöt á beinin.</p> <p>Klárað var að fara yfir alla áætlunina, Fundarmenn senda sínar athugasemdir beint á Hákon – Eftir að skjalið verður tekið fyrir með samstarfshópi mun Umhverfisstofnun senda það aftur á ráðgjafanefndina áður en skjalið verður sent til ráðherra til undirskriftir.</p>	

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
3	<p>Önnur mál:</p> <p>Framkvæmdir sem lagt er til að sækja um í Landsáætlun</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjármagn hefur verið sett í gönguleið upp á Suðurnám, sem verður unnið í á næsta ári. • Laugahringur, búið að vera að vinna í honum og stefnt á að halda áfram á næstu árum. • Lokið er við að gera göngustíg frá bílastæði að Rauðafossi. • UST leggur áherslu á lagfæringu á bílastæði við Rauðafoss, stækkað og afmarkað. • Sótt verði um fjármagn til að gera áningastaði við innkomuleiðir inn í friðlandið. Aðkomuskilti með upplýsingum, heilt yfir friðlandið, sótt verði um þetta í ár. • Nú þegar peningur í lagfæringu á laugapallinum við náttúrulaugina í Landmannalaugum, löngu tímabært að laga hann, búið að teikna upp í samræmi við deiliskipulag. • Fjárýsla vinnur að gerð frumathugunar á mögulegum framkvæmdum í Landmannalaugum og mun ljúka því á næstu vikum. Þar er verið að meta og skoða hvort einhverjar forsendur hafi breyst, gagn sem er til ef farið verður í þessar framkvæmdir. 	
4	<p>Niðurstaða fundar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stjórnunar- og verndaráætlun verðu uppfærð eftir þennan fund og tekið fyrir í samstarfshópsfund. Áætlunin verður síðan send á ráðgjafanefnd til yfirlestrar áður en það verður sent ráðherra til undirritunar. 	